

Bandalag kvenna í Reykjavík

Reykjavík 22. mars 2023.

Alþingi.

Bt. Allsherjar- og menntamálanefnd.

153 löggjafarþing 2022-2023.

165. mál, lagafrumvarp.

Efni: Umsögn Bandalags kvenna í Reykjavík um frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum.

Fyrir hönd Bandalag kvenna í Reykjavík gerir undirrituð eftirfarandi athugasemdir við frumvarp það er hér um ræðir.

Gerð er athugasemd við frumvarpið í heild sinni í ljósi þess að enn hallar á konur í þjóðfélaginu og sérstaklega þann hóp er nýtir sér orlof húsmæðra en það eru aðallega eldri konur, örorkulífeyrisþegar og konur á öllum aldri er vinna láglounastörf. Þessir hópar standa höllum fæti í þjóðfélaginu og eiga hóparnir langt í land í jafnréttisbaráttunni. Enn hallar á konur á hinum ýmsu sviðum þjóðfélagsins og langt er í land að markmiði jafnréttislaganna sé náð.

Flestar þeirra kvenna sem nýta sér orlof húsmæðra í Reykjavík eiga lítinn sem engan rétt til lífeyrissjóðsgreiðslna. Mikill meiri hluti þeirra kvenna sem nýta sér ferðir á vegum orlofsins voru heimavinnandi og áttu ekki rétt á fæðingarorlofi né dagvistun fyrir börn sín. Margar þessara kvenna hafa hugsað um veika eiginmenn árum saman og hafa einangrað sig félagslega. Þessi hópur kvenna treystir sér ekki til að fara í ferðir á eigin vegum, þær passa ekki í hjónaferðir ásamt því að oft á tíðum vantar ferðafélaga. Það getur því skipt sköpum fyrir þennan hóp kvenna að komast í orlofsferðir.

Fram kemur hjá flutningsmönnum tillögunnar að konur geti áfram farið í orlofsferðir en bara ekki niðurgreiddar ferðir. Ef það verður raunin þá er verið að stuðla að mjög miklum ójöfnuði. Flestar þær konur er nýta sér orlofið geta ekki farið í orlofsferðir nema vegna niðurgreiðslunnar. Ef ferðir yrðu án niðurgreiðslu þá myndu aðeins efnameiri konur geta nýtt sér þær. Slík tillaga virkar því öfugt og í stað þess að styðja jöfnuð myndi slíkt auka ójöfnuð. Eftir heima sætu því konurnar sem mest þurfa á þessu úrræði að halda.

Meðan þeir hópar kvenna sem nýta sér orlof húsmæðra eru ekki komnir nær jafnrétti en raun ber vitni er ekki tímabært að fella lögin úr gildi. Hvað varðar sveitarfélögin og útgjöld þeirra í orlofssjóðina þá er um verulega lágar fjárhæðir að ræða fyrir hvert sveitarfélag eða rúmar 100 krónur, á íbúa, á ári. Það gefur því augaleið að sú ánægja sem af þessum ferðum hlýst er langt umfram þá fjármuni sem bæjarfélögin leggja í sjóðina.

Með því að afnema lögin telur Bandalag kvenna í Reykjavík að mikil afturför sé farin í réttindabaráttu kvenna hér á landi. Réttur kvenna til jafns á við karlmenn kom ekki af sjálfum

sér, það voru eldri konur sem nýta sér orlofsferðir í dag sem lögðu allt í sölurnar fyrir baráttuna sem hefur komið konum þessa lands þangað sem þær eru í dag.

Flutningsmenn þessa frumvarps gera sér á engan hátt grein fyrir þeirri gríðarlegu vinnu og þeim fórnunum sem konur fyrr á tímum lögðu á sig til þess að konur í dag byggju við þau réttindi sem þær nú hafa. Það er mjög mikilvægt að horfa á þetta frá öllum sjónarhornum og þá aðallega sjónarhorni þeirra kvenna sem tilheyra elsta hóp þeirra sem nýta sér orlofsferðir. Vert er að benda á svokallað sólahringsákvæði í þessu samhengi.

Bandalag kvenna í Reykjavík gerir athugasemd við að lögin eigi að öðlast gildi sitt 1. júní nk., líkt og fram kemur í frumvarpinu en slíkt telur Bandalag kvenna í Reykjavík ekki ásættanlegt í ljósi þess að orlofsnefndir hafa nú þegar lokið skipulagningu og gengið frá ferðum fyrir árið 2023 og því ekki hægt að leggja niður ferðir með svo skömmum fyrirvara án þess að til verulegs tjóns komi fyrir alla aðila. Einnig er hafin skipulagning ársins 2024. Hjá Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík er boðið upp á vandaðar og vel skipulagðar ferðir með þarfir hvers einstaklings í fyrirrúmi. Til þess að Orlofsnefnd húsmæðra geti boðið slíkar ferðir, leggja nefndarkonur til mikla ólaunaða vinnu og undirbúningsferli hvernar ferðar er langt. Bandalag kvenna í Reykjavík telur því ekki unnt að leggja niður starfsemi nefndanna með svo stuttum fyrirvara án þess að til tjóns komi

Margar þeirra eldri kvenna sem nýta sér orlofsferðir hafa einangrað sig félagslega en eins og allir vita þá er einsemdin einn verstí óvinur mannsins. Orlofsferðimar rjúfa einangrun margra þessara kvenna og stuðla að ánægjuríkara lífi þeirra. Hér er því um lýðheilsuál að ræða. Þessar konur hafa hvorki fjárráð né treysta sér í ferðir á eigin vegum ásamt því að oft á tíðum hafa þær ekki ferðafélaga. Í orlofsferðum eignast konur ferðafélaga sem verða vinkonur í hinu daglega lífi. Það getur því skipt þessar konur verulegu máli að komast í slíka ferð, er þær ráða við fjárhagslega og geta gengið að því vísu að þær njóti félagsskap annarra kvenna og geti deilt sögu sinni með konum sem eiga sér svipaða lífsögu.

Annar hópur kvenna sem einna helst nýtir sér orlofsferðir á vegum Orlofsnefndar Reykjavíkur eru láglaunakonur þessar konur hafa lág laun, lág eftirlaun-og eða lága lífeyristryggingu. Margar þessara kvenna eru að leggja fyrir allt árið til að komast í slíka ferð en án niðurgreiðslu gætu þær ekki leyft sér slíkt ferðalag.

Í upphafsorði 1. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla kemur fram að markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifæmm kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Ein af þeim leiðum sem nefndar eru til að ná fram markmiði laganna er að bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu, löggjafinn gerir því beinlínis ráð fyrir að sum úrræði sem gripið er til nýtist konum fremur en körlum. Meðan jafnrétti í framkvæmd er ekki nær jafnrétti í lögum er húsmæðraorlofið alls ekki forréttindi, heldur má líta á það sem tilraun til að jafna kjör kynjanna og rétta hlut kvenna þar sem á hefur hallað.

En hér má benda á að þema alþjóðlegs baráttudags kvenna þann 8. mars sl., var „Embracing Equity” en það er einmitt það sem orlofsferðirnar gera. Þær jafna stöðu kvenna og karla á þann hátt sem jafnréttislög kveða á um þ.e. með því að bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu.

Þrátt fyrir að lagalegu jafnrétti kynjanna sé náð þá á framkvæmdin enn langt í land. Feministahreyfingar hafa bent ítrekað á þetta í gegnum tíðina og vissulega hefur það skilað árangri í jafnréttisbaráttunni en kynbundið misrétti á sér þó enn stað á hinum ýmsu sviðum þjóðfélagsins. Það verður því að segjast að jafnrétti á talsvert í land hér á landi, við verðum að passa okkur á því að sofna ekki á verðinum því þá getum við átt það á hættu að bakslag komi í jafnréttisbaráttu okkar. Jafnrétti kemur ekki af sjálfu sér og við verðum alltaf að vera á verði þar sem oft á tíðum eitt skref fram færir okkur því miður tvö skref aftur á bak.

F.h. Bandalags kvenna í Reykjavík

Vilborg Þ.K. Bergman formaður.

Komið þið sæl !

Eftirfarandi er umsögn sveitarstjórnar Hrunamannahrepps frá 16. mars 2023 vegna frumvarps til laga um brottfall laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972. Mál nr. 165.

Sveitarstjórn hvetur alþingismenn til að samþykkja umrætt frumvarp og fella þar með úr gildi hin löngu úreldu lög um orlof húsmæðra. Það er með öllu óskiijanlegt að frumvarp þetta, sem lagt hefur verið fram á Alþingi alls fimm sinnum nú þegar, hafi ekki fyrir löngu orðið að lögum.

Það er furðuleg tímaskekkja að upplifa þá mismunun sem þessi löggjöf felur í sér. Það er í besta falli grátbroslegt að enn skuli vera til ferðasjóður fyrir húsmæður sem skattgreiðendum ber skylda til að greiða í. Það þarf varla að minna á jafnræðisreglu stjórnslulaga sem án vafa er þverbrotin með þessari skyldu sveitarfélaga til að greiða niður ferðalög ákveðins þjóðfélagshóps.

Einnig er það með öllu óskiijanlegt að engin skoðun skuli fara fram á fjárhagslegri stöðu þiggjenda ferðapeninganna en slíkt er í undarlegri mótsögn við rekstur sveitarfélaga almennt og þær lagaskyldur sem á þau eru lagðar. Að sveitarfélög séu skylduð til að greiða fyrir skemmtiferðir, mögulega mjög velstæðra kvenna, með fjármunum almennings er með öllu ólíðandi.

Sveitarstjórn hvetur alþingismenn til að samþykkja frumvarpið og leggja þar með af þetta löngu úrelda fyrirkomulag.

Þessi afgreiðsla sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Með bestu kveðju

Aldís Hafsteinsdóttir
Sveitarstjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 22. mars 2023
2303086 KBR

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum, 165. mál.

Jafnréttisstofa vísar til tveggja fyrri umsagna sinna um sama mál frá 1. júní 2010 og 18. mars 2015.

Stofnunin vekur auk þess athygli á því að tekið hafa gildi ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 sem ná til karla, kvenna og fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá. Hvers kyns mismunur á grundvelli kyns er óheimil skv. lögnum en þó er til þess vísað að sértækar aðgerðir gangi ekki gegn lögnum.

Orlof húsmæðra var á sínum tíma sértæk aðgerð ætluð til þess að veita heimavinnandi húsmæðrum sem ekki nutu launa fyrir störf sín tækifæri til orlofs. Sértækar aðgerðir eru skv. lögum skilgreindar sem tímabundnar aðgerðir og því eðlilegt að þær séu endurskoðaðar m.t.t. þess hvort þörf sé enn til staðar.

Staða íslenskra kvenna á vinnumarkaði er vissulega allt önnur en árið 1972 þegar núgildandi lög um orlof húsmæðra tóku gildi og atvinnuþátttaka umtalsvert meiri. Eins og Jafnréttisstofa benti á í fyrri umsögnum sínum er fullu jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði þó ekki náð og er þar nærtækt að vísa í þrálátan launamun kynjanna og mikla kynjaskiptingu í störfum.

Jafnréttisstofa hvetur allsherjar- og menntamálanefnd til að láta fara fram jafnréttismat á frumvarpinu þar sem skoðað verði hvaða áhrif það hefur á kynin að afnema löginn. Verði niðurstaðan sú að lög um orlof húsmæðra verði felld úr gildi hvetur Jafnréttisstofa til þess að sveitarfélög nýti það fjármagn sem hingað til hefur verið varið í verkefnið til annarra jafnréttismála.



Katrín Björg Ríkarðsdóttir

frankvæmdastjóri



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 21. mars 2023

Efni: Umsögn Kvenfélagasambands Íslands um frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra nr. 53/1972 með síðari breytingum.
153. löggjafarþing 2022-2023 Þingskjal 166-165. mál.

Frumvarpið geri ráð fyrir því að lög um orlof húsmæðra falli brott. Kvenfélagasamband Íslands setur sig ekki upp á móti afnámi þessara laga en gerum athugasemdir við ákvæði til bráðabirgða þar sem orlofsnefndir þurfi að geta starfað til loka ársins 2023.

Lög um orlof húsmæðra tóku gildi 1972 og var Kvenfélagasamband Íslands gert ábyrgt fyrir skiptingu orlofssvæða og að á hverju orlofssvæði starfi orlofsnefndir sem sjá um framkvæmd laganna. Kvenfélagasamband Íslands hefur aldrei fengið þóknun eða aðra greiðslu fyrir þessa umsjón heldur hefur framlagið runnið óskert til orlofsnefnda. Lögin voru sett á þeim tíma er konur voru heimavinnandi og áttu því ekki kost á launuðu orlofi, höfðu engar tekjur sjálfar og þurftu því á aðstoð að halda til að fá hvíld. Húsmæður eldri kynslóða hafa getað nýtt sér þessar ferðir en eru smám saman að hætta að sækja þær sökum aldurs og heilsubrest. Óumdeilt er að í orlofsferðir fara oft konur sem ekki myndu að öðrum kosti ferðast þar sem þær sækjast eftir þeim styrk sem felst í því að fara með konum, fyrir konur úr sínu nærumhverfi. Tímasetning um brottfall laganna þarf að taka tillit til að ferðir eru skipulagðar og greiddar með löngum fyrirvara.

Kvenfélagasamband Íslands styður jafnan rétt karla og kvenna og vill að kynjunum sé sköpuð jöfn tækifæri og þeim greidd sömu laun fyrir sömu vinnu. Þjóðfélagið hefur breyst frá þeim tíma er lög um orlof húsmæðra voru sett og nú á tímum taka kynin jafnari þátt í þeim störfum sem lúta að heimilinu og barnauppleidi. Þó svo að fullt jafnrétti hafi ekki verið náð milli kynjanna telur Kvenfélagasamband Íslands að orlofslögin sé arfur liðins tíma.

Með vísan til framanritaðs leggur Kvenfélagasamband Íslands til að 1. másl. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði laga þessara er sveitarfélagi heimilt að kveða á um að orlofsnefnd skuli starfa til 31.12.2023 sé rekstrarfé í sjóðum nefndarinnar.

Kvenfélagasamband Íslands gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt

Dagmar Elín Sigurðardóttir,
forseti Kvenfélagasambands Íslands

Umsögn KRFÍ um frumvarp til laga um brottfall laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum [153. löggjafarþing 2022–2023](#). Þingskjal 166 — 165. Mál.

Frumvarpið var áður lagt fram á 138., 141., 144., 145. og 146. löggjafarþingi (119.mál) og er lagt fram á 153. löggjafarþingi nær óbreytt. KRFÍ skilaði inn umsögn um frumvarpið 6. mars 2015 og 24. mars 2017, en þá skilaði KRFÍ inn efnislega sömu umsögn og 2015. Þar sem frumvarpið er enn efnislega óbreytt sendir Kvenréttindafélag Íslands efnislega inn sömu umsögn í þriðja skiptið.

Reykjavík, 23. mars 2023

Kvenréttindafélag Íslands skilaði inn umsögn um þetta frumvarp 6. mars 2015, og 24. mars 2017 þegar það var áður lagt fram á Alþingi. Engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu, og því skilum við hér með efnislega sömu umsögn um frumvarpið.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands er í grundvallaratriðum sammála því að afnema lög um orlof húsmæðra í núverandi mynd.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan löggin voru sett og þótt enn sé langt í land að jafnrétti kynja sé náð, ekki síst með tilliti til efnahags og kaupgetu, þá er staða kvenna á vinnumarkaði sem og staða karla innan heimilanna gjörbreytt frá þeim tíma sem löggin voru sett.

Kvenréttindafélag Íslands leggst þó gegn því að lög lík þeim sem hér um ræðir, lög sem tryggja ákveðin réttindi kvenna, séu afnumin án þess að gert sé ráð fyrir því að þeir fjármunir sem sparast með afnámi laganna verði nýttir áfram í þágu kvenna og í þágu jafnréttis kynjanna.

Meginábyrgð á rekstri heimila hvílir enn á herðum kvenna og konur taka sér, mun frekar en karlar, hlé frá launuðum störfum til að sinna heimili og fjölskyldu. Þá er launamunur kynja enn staðreynd og afar hægt þokast í átt að því að sá munur hverfi. Staðreyndin er því sú að ævilaun kvenna, og þar af leiðandi lífeyrisréttindi þeirra, eru mun lægri en karla.

Þetta ójafnvægi mætti leiðrétta að hluta með því að tryggja heimavinnandi einstaklingum rétt til lífeyristöku, en konur eru yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem eru heimavinnandi.

Kvenréttindafélag Íslands leggur til að samhliða afnámi laga um orlof húsmæðra verði sett á lög um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks. Þeim fjármunum sem sveitarfélögin hafa hingað til veitt til orlofs húsmæðra, 100 kr. á hvern íbúa sveitarfélagsins, verði ráðstafað þannig að einstaklingar sem ekki hafa aflað sér lífeyrisréttinda á almennum vinnumarkaði heldur sinnt ólaunuðu starfi innan heimilis við umönnun barna eða annarra fjölskyldumeðlima eigi rétt á lífeyri umfram lágmarkstryggingu þegar lífeyrisaldri er náð.

F.h. stjórnar,



Rut Einarsdóttir

Framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands

Kópavogi 18. Mars 2023

Bt. Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

Efni bréfs: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum, 165. mál..

Frumvarp þetta er nú lagt fram nær óbreytt í sjötta skiptið og ætlað að fella úr gildi lög um orlof húsmæðra. Helsta ástæðan er talin jafnréttissjónarmið og að lögin séu talin vera tímaskekkja. En er það svo í raun? Nei, því miður er svo ekki. Þó árið sé 2023 er langt í land að konur standi jafnfætis körlum, sérstaklega konur um og eftir miðjan aldur. En nákvæmlega þær konur eru þær sem aðallega nýta sér þessar niðurgreiddu orlofsferðir. Að öðrum kosti hefðu margar þeirra ekki bolmagn til að fara í orlof en félagslegt gildi þessara ferða er óumdeilanlegt. Af hverju skildi það nú vera? Jú, þetta eru konurnar sem eiga lítið sem ekkert í lífeyrissjóði því þær voru heima með börnum sínum því barnaheimili voru ekki til. Þau fáu sem til voru, voru aðeins fyrir einstæðar mæður og háskólanema. Því miður er allt of stór hópur kvenna í þessum sporum. Þær urðu ekkjur og lífeyrissjóðurinn hirti innlegg eiginmannsins. Margar hafa lent í skilnaði og eiginmaðurinn gengið út úr sambúðinni með allan sinn lífeyrissjóð og konan sat eftir slipp og snauð.

Telja þingmenn eitthvað jafnrétti í stöðu karla og kvenna sem komin eru á miðjan aldur þegar kemur að lífeyrissjóðsmálum? Nei ágætu þingmenn, tíma ykkar væri betur varið í að tryggja betur alvöru réttlæti og jafnræði kynjanna þegar kemur að lífeyrissjóðsgreiðslum. Nú skilst mér að geti verið val hjá þórum að jafna lífeyrisréttindi, en það ætti auðvitað að vera skylda því ungt fólk er sjaldnast að hugsa um slíka hluti. En það er ekki að gagnast konunum sem eru að notfæra sér niðurgreiðslur orlofsnefnda í landinu.

„Tilgangur laganna var að lögfesta viðurkenningu á þjóðfélagslegu mikilvægi ólaunaðra starfa og veita húsmæðrum orlofsréttindi líkt og launþegum“ segir í núverandi lögum og á það fyllilega rétt á sér og engin tímaskekkja því miður fyrir allt of margar konur!

Kvenfélögin í landinu hafa skipað konur úr sínum röðum í sjálfboðið starf við að skipuleggja og annast orlofsdvalir nú í yfir 60 ár og þegar búnar að leggja ómælda vinnu í að skipuleggja og bóka í orlofsferðir 2023 og er mikil aðsókn.

Stjórn orlofsnefndar húsmæðra í Kópavogi leggst alfarið gegn því að núverandi lög um orlof húsmæðra verði felld úr gildi, því miður er það ekki tímabært þó árið sé 2023.

Virðingarfyllt,

Guðrún S. Viggósdóttir, formaður orlofsnefndar húsmæðra í Kópavogi

Orlofnefnd húsmæðra í Reykjavík

Bt. Allsherjar- og menntamálanefnd

Umsögn Orlofsnefndar kvenna í Reykjavík um frumvarp til laga um afgang laga um orlof húsmæðra þingskjal nr. 166 – 165 mál. 153 Löggjafarþing 2022-2023

Orlofsnefndin lýsir sig alfarið andsnúið frumvarpinu, og telur það byggt á þeim forsendum að jafnréttindi kynjanna sé náð, sem er því miður ekki raunin, þrátt fyrir að lagalegt jafnrétti sé komið langt á leið. Talað er um að orlof húsmæðra sé tímáskekkja.

Orlofsnefndin skipuleggur ferðir næsta árs, um mitt árið á undan. Síðan eru ferðir ársins tilbúnar í okt.-nóv. Þá er nefndin búin að skipuleggja og gera fjárhagsáætlun um kostnað við ferðir ársins. Í lok janúar og byrjun febrúar eru ferðir auglýstar fyrir árið. Ferðafélagar láta skrá sig í febr. til apríl árlega og eru ferðir okkar fullar í apríllok. Með okkur fara milli 350 til 400 manns. Við bjóðum upp á vandaðar og vel skipulagðar ferðir. Nefndarkonur leggja til mikla ólaunaða vinnu og undirbúningsferli hverrar ferðar er langt. Þarfir ferðafélaga er alltaf nr. eitt hjá nefndinni.

Í fyrsta lagi gerir nefndin athugasemd við að lögin eigi að öðlast þegar gildi. Nefndin er þegar búin að skipuleggja ferðir ársins 2023 og farið er að selja í þær. Og sumar eru þegar uppseldar. Nefndin telur að ekki sé hægt að loka á starfsemi nefndarinnar, með dagsetningu aðeins eftir 2 mánuði. Nefndin þarf eitt ár, þar sem við erum farnar að skipuleggja árið 2024.

Nefndin telur að það sé tímabundið hvenær sé hægt að leggja hana niður. Tímarnir hafa breyst og telur nefndin að þessi hópur kvenna, hafi ekki sömu stöðu í jafnréttindismálum, sem raun ber vitni, en við erum í skref í rétta átt. Við teljum bara tímaspursmál hvenær starf orlofnefnda á Íslandi geti fallið niður. Konur í dag hafa ekki ennþá sömu lífeyrisréttindi og aðrir í þjóðfélaginu, þar sem þær gátu ekki unnið, meðan þær voru að ala börnin sín upp. Leikskólar voru ekki fyrir þennan hóp. En við erum í réttri átt

Reykjavík 13.3.2023

F.h.Orlofsnefndar Reykjavíkur


Hulda Ólafsdóttir, formaður


Ingveldur Ingólfsson, gjaldkeri



Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur - Kt. 640269-6779 - Strandgötu 38, 460 Tálknafjörður - sími: 450-2500 - talknafjordur@talknafjordur.is

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurvöllur
101 Reykjavík

Tálknafjörður, 15. mars 2023

Efni: **Umsögn vegna frumvarps til laga um brottfall laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum, 165. mál.**

Á 609. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 14.03.2023 var tekið fyrir erindi frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis dags. 09.03.2023 þar sem allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um brottfall laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum, 165. mál. Eftirfarandi var fært til bókar um málið:

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur undir það sjónarmið að lög um orlof húsmæðra nr. 53/1972 verði felld úr gildi, enda eru löggin barn síns tíma og hafa lokið hlutverki sínu.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,

Ólafur Þór Ólafsson
sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps

